

Fundargerð aðalfundar Íslensks Toppkörfubolta (ÍTK) 23. ágúst 2024 í Fjósinu hjá Val að Hlíðarenda.

Valur bauð upp á fundaraðstöðu og léttar veitingar í Fjósinu og færa samtökin félaginu þakkir fyrir það.

Mættir voru á fundinn:

Stjórnarmenn ÍTK:

Kjartan Ásmundsson formaður stjórnar, Hilmar Júlíusson varaformaður, Ingvi Hákonarson, Páll Kolbeinsson, Hugji Halldórsson og Gústaf Steingrímsson.

Aðrir:

Hannes Jónsson framkvæmdastjóri, Guðbjörg Elíasdóttir formaður stjórnar og Ágúst Angantýsson stjórnarmaður.

Frá félögunum mættu fulltrúar frá flestum félaganna en alls voru fundarmenn 28 talsins.

Fundarstörf

Fundurinn hófst á að kjósa Helgu Völu Helgadóttir sem fundarstjóra. Gústaf Steingrímsson var fundarritari.

Yfirferð formanns stjórnar ÍTK og umræður um einstök mál

Stofnfundur samtakanna var í fyrra og í upphafi var verkefnið lagt þannig upp að ef 2/3 liða vildu vera með þá yrðu samtökin stofnuð. ÍTK er nokkuð stolt af því sem áunnist hefur á fyrsta starfsárinu í samvinnu við KKÍ og að nánast öll félögin séu aðilar á samtökunum. Samtökin eru fyrst og fremst hagsmunasamtök félaganna og áfram verði unnið að því að bæta starfið eins og hugsast getur. Réttindamálín séu þar mikilvægust og telur ÍTK það vera nauðsynlegt skref að aðstoða KKÍ eins mikið og hægt er til að efla íslenskan körfubolta til lengri tíma litið. Í dag hafi margt breyst bæði hvað varðar kröfur til félaganna og sambandsins og því mikilvægt að fá fleiri hendur á dekk. Það sé nauðsynlegt að bæði útvista sumu og vinna náið saman að öðru.

Kjartan byrjaði á að segja frá að þunginn í starfi samtakanna hafi farið í réttindamál á fyrsta starfsárinu. Samtökin hafi unnið þar náið með KKÍ og að samstarfið hafi gengið vel. Stjórnina í ÍTK skipi samstilltur hópur og samstarfið þar gangi vel. Mikið samtal hafi átt sér stað við fulltrúa félaganna á tímabilinu, bæði í síma og einnig á formlegum fundum. Það skipti auðvitað máli að sem flest félögin séu í samtökunum en nú séu nánast öll félögin í efstu deildum karla og kvenna með í samtökunum. Þau félög sem ekki eru með séu hér á suðvestur horninu. Það sé engin kvöð á félögin að vera með enda lýðræðisleg samtök með snertingu við alla helstu hagsmunaaðila efstu deildar sem vinni að réttindamálum þeirra allra. Ágúst frá stjórn KKÍ spurði út í umboð ÍTK og svaraði Kjartan því að ekki væri eðlilegt að einstaka félög sem mögulega kysa að vera ekki með

héldu hinum í gíslingu. Það væri ekkert lýðræðislegt við það. Fundarmenn tóku undir það sjónarmið og nefndu að ekkert félaganna væri að vinna á móti samtökunum heldur væri það miklu frekar þannig að félögin hafi bara ekki formlega gengið frá því.

Mest af vinnunni á fyrsta starfsárinu hafi farið í vinnu varðandi nýja samninga í réttindamálum. Þar fór fram nán samvinna milli ÍTK og KKÍ. ÍTK hafi komið með ákveðna þekkingu og reynslu inn í þá vinnu sem hafi skilað góðum árangri. Farið var lauslega yfir þau mál en til þess vísað að þau mál yrðu kynnt frekar á formannafundi KKÍ og einnig undir önnur mál þar sem að farið var yfir 5 ára markmið í þeim málum sem unnin voru af Kjartani og Hannesi framkvæmdastjóra KKÍ. Samtökin hefðu sannarlega lagt sitt lóð á vogarskálarnar óg þannig yrði það áfram. Í því samhengi vísað til tillögu stjórnar varðandi starfsáætlun er fjallar um samstarfssamning ÍTK og KKÍ. Með þeim samningi verði unnið áfram að því að hámarka réttindi félaganna.

Til viðbótar hefur ÍTK og KKÍ verið í samvinnu varðandi úrfærslu leyfiskerfis en sú vinna verður kláruð fyrir næsta þing KKÍ og ráðgert að það verði tekið til notkunar frá og með tímabilinu 2025/26. Kerfið verður aðlagð að aðstæðum félaganna og gefinn aðlögunartími gagnvart því að uppfylla sumt af því sem kerfið krefst. Leyfiskerfið verður sambland af leyfis- og gæðakerfi. Varan íslenskur körfubolti hefur verið að vaxa töluvert í virði á síðustu árum og er mikilvægt að til að virðið haldi sér og vaxi að þá þurfi að vera til staðar ákveðin lágmarksgæði hjá öllum félögunum. Þær réttindagreiðslur sem gert er ráð fyrir að skila til félaganna vegna sölu hvers kyns réttinda verða með einhverjum hætti háðar því hvernig félögunum gengur að uppfylla það sem leyfiskerfið krefst. Í því samhengi vísað til frekara samstarfs og samráðs efstu deildar félaga. Reynt verði að hafa leyfiskerfið einfalt og ekki of ítarlegt. Rétt sé að líta til þess að verið er að einfalda leyfiskerfið í íslenskum fótbolta mjög mikið um þessar mundir. Það er verið að færa það úr tugum blaðsíðna niður í örfáar. Í vinnu við leyfiskerfi KKÍ verður reynt að fylgja sömu hugmyndafræði.

Kjartan sagðist hafa áhyggjur af þeirri vinnu sem er í gangi varðandi afrekssjóð ÍSÍ. Hann gagnrýndi þau orð Vésteins Hafsteinssonar afrekisstjóra Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í viðtali þar sem hann lét hafa eftir sér að hægt væri að koma nánast öllu íslensku íþróttafólki á Ólympíuleika. Það sé nánast óhugsandi fyrir íslenskan körfubolta að komast á leikana. Með afrekssstefnunni sé engan veginn tekið tillit til þarfa körfuboltans og fótoltans. Það þurfi að vinna stefnumótunina með grasrótinni og kalla þurfi til þá sem best þekkja til. Í því samhengi benti Kjartan á að það væri mikilvægt að KKÍ ynni faglega að stefnumótun sbr. samþykktir frá síðasta þingi KKÍ. Kjartan kallaði eftir skýrari stefnumótun um hvert íslenskur körfubolti ætli að fara og hvernig staðið verði að því. Hann sagði ÍTK vera tilbúið að styðja við þá vinnu, ef til þess væri leitað.

Guðbjörg formaður KKÍ deildi áhyggjum Kjartans varðandi fálæti afrekssjóðs og stjórnar ÍSÍ. KKÍ sé mjög ósátt við það fjármagn sem kemur til KKÍ miðað við hvað sumar aðrar íþróttgreinar séu að fá. Vésteinn hafi ekki náð að koma neinu í gegn fyrir körfuna. Karfan

hafi verið færð niður í B-flokk sökum ónægs árangurs við að koma landsliðum á stórmót. Stórmótaklausan sé ósanngjörn gagnvart körfunni og að KKÍ hafi talað fyrir mjög daufum eyrum varðandi það að breyta þessari reglu.

Ágúst hjá stjórn KKÍ óskaði eftir meiri vinnu varðandi það að fjármagna yngri landsliðin í körfubolta. Það skipti máli að einblína ekki bara að A-landsliðin þegar verið sé að sækja meiri peninga hvort sem það sé sótt til ÍSÍ eða annarra aðila. KKÍ sé með flestu unglíngalandsliðin hjá sérsamböndunum og því sé kostnaðurinn í körfunni mun meiri en hjá öðrum íþróttagreinum.

Grímur Atlason hjá Val tók undir orð Ágústar og sagði það skipta mjög miklu máli að fá þarna peninga inn til þess að halda krökkunum einfaldlega í körfubolta. Það sé ekkert víst að foreldrar vilji áfram standa undir þessum kostnaði sem mun þá grafa undan íslenskum körfubolta.

Hannes framkvæmdastjóri KKÍ sagði að það vilji enginn að krakkar séu valdir í landslið eftir fjárhagsstöðu foreldra. Ef heldur fram sem horfir gæti það samt orðið niðurstaðan. KKÍ sé að styðja við foreldra eins og hægt sé og verið sé að greiða fyrir ákveðinn fjölda. Það má heldur ekki gleyma því að sumir eru stoltir og það séu ekki allir sem segist eiga peninga sem eiga þá í raun og veru.

Magnús Þorsteinsson Keflavík lýsti yfir óánægju hvað erfiðlega gengi hjá KKÍ að leysa þennan vanda og lagði til að ÍTK kæmi að því að leysa þetta. Ingibergur Grindavík tók undir það ásamt nánast öllum fundarmönnum og vísaði í samtali við Kjartan þar sem að hugmynd kviknaði að hvert og eitt lið léti aðgangseyri af einum leik af hendi rakna í afrekssjóð vegna yngri landsliða. Að auki var rætt að koma á in - season móti eftir fyrri umferðina þar sem að allur ágóði rynni í sjóðinn. Hugmyndin er sú að 6 efstu liðin í kringum áramót spili útsláttarkeppni sem standi yfir í eina viku og að allir leikir fari fram í sama húsi. Rætt var um að halda þessa úrslitakeppni í janúar og að það fé sem safnaðist gæti að hluta til farið til að styðja við yngri landsliðin.

Fundarmenn sammála um að hægt væri að safna ansi vel upp í kostnað foreldra. ÍTK mun taka þetta mál áfram við fyrsta tækifæri. Egill frá KR vakti athygli á útlendingamálum, sem Kristinn og Grímur tóku áfram ásamt Jónasi Ástþór frá Hetti. Fjörugar umræður sem Hilmar varaformaður ÍTK slökkti í og nefndi að það væri ekki ÍTK að ræða það enda nóg annað að ræða. Hann benti jafnframt á það að útlendingamál hafi aldrei verið rædd á stjórnarfundum ÍTK.

Kjartan sagði Íslenskan Toppfótbolta hafa unnið skýrslu sem hafi ekki verið dreift ennþá. Þeir séu að hitta ráðuneytin til þess að sækja meiri pening inn í afrekstarf félaganna sjálfra því það séu félögin sem séu að búa til leikmennina og þekki því betur þörfina en sérsamböndin. Kostnaður við að halda úti starfsemi íþróttafélaganna sé að vaxa og kröfurnar einnig. Það þurfi því að koma meira opinbert fé til félaganna sjálfra.

Kjartan sagði að verið sé að vinna að frumvarpi í dómsmálaráðuneytinu um að opna veðmálamarkaðinn frekar. Í dag séu Getspá og Íslenskar Getraunir með einkaleyfi en aðeins 5-10 af veltunni enda ólöglegar síður að taka viðskiptin að mestu leyti til sín. Menn hafi horft til Danmerkur í þessu sambandi sem að gaf ákveðnum erlendum fyrirtækjum leyfi til þess að starfa á danska markaðnum með því skilyrði að þau greiddu þar leyfisgjald af starfseminni sem rynni inn í íþróttahreyfinguna. ÍSÍ sé alfarið á móti þessu. Veðmálastarfsemi sé komin til að vera í íþróttum og þetta gæti ef rétt er haldið á spilunum skilað til félaganna verulegum fjárhæðum.

Kjartan sagði félögin hafa áhyggjur af því hvernig peningunum vegna réttinda félaganna verði ráðstafað. KKÍ sé í skuld og það þurfi að reyna að halda réttindagreiðslum félaganna aðskildum frá KKÍ. Þessir peningar sé að koma vegna félaganna og hafi ekkert með landsliðsmálin að gera. Það skiptir því miklu máli að til lengri tíma litið séu þessir peningar eyrnamerkir félagunum og ekki KKÍ. Þó var farið yfir það að ákveðinn hluti yrði eftir vegna vinnu og umsýslu ÍTK og KKÍ. Það kostar pening að afla þeirra.

Kjartan sagði að ríkisskattstjóri hefði gefið út tilmæli þess efnis að frá og með næstu áramótum geti félögin ekki verið með leikmenn í svokallaðri gerviverktöku og að allir þurfi að vera launþegar. Ef þetta gengur eftir gæti þetta haft mjög neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu félaganna enda sé 25-30% dýrara að vera með launamenn en verktaka. Þetta sé að gerast og mikilvægt að sýna forystu hvað þetta varðar. Í framhaldinu spunnust umræðu um að það hafi komið upp hugmynd að búa til einhvers konar endurgreiðslukerfi þar sem laun umfram ákveðna upphæð færu aftur inn í hreyfinguna. Vonandi sé að finna einhverja lendingu fyrir félögin í þessu máli þannig að kostnaðurinn vaxi ekki mikið. Kristinn frá Haukum taldi litlar líkur á því að þetta verði að veruleika en verði það að veruleika muni þetta knésetja félögin. Grímur frá Val benti á að erlendir listamenn hafi ávallt getað sloppið við að greiða skatta og skyldur hér á landi en síðan hafi því verið breytt. Það er því ekkert öruggt í því sambandi að þessu verði ekki breytt í íþróttunum.

Í framhaldinu var leyfiskerfið rætt frekar. Ágúst sagði að það muni fara fram vinna í vetur á vegum KKÍ og ÍTK og að sammælst verði um drög sem síðan verði lögð fram fyrir þing KKÍ næsta vör. Aðalatriðið sé að hafa grunnkerfið ekki of flókið og íþyngjandi.

Tillögur og samþykktir

Fyrir fundinum lágu tvær tillögur

1. Bæta við einum varamanni í stjórn og þeir verði þá tveir eftirleiðis.
2. Lögð fram starfsáætlun þar sem m.a. áhersla er lögð á að klára samstarfssamning KKÍ og ÍTK.

Báðar tillögur voru samþykktar.

Þriðja tillagan sem lögð var fram á fundinn var að allar tillögur sem lagðar yrðu fram á aðalfundi þyrftu eftirleiðis að koma fram skriflega a.m.k. einni viku fyrir boðaðan aðalfund. Sú tillaga var einnig samþykkt.